

1. Árshátíðar- og skemmtinefnd

Gunnar Rósarsson, Halldór Fannar, Ingólfur Eldjárn, Jón Björn Sigtryggsson, Margrét Hjaltadóttir og Þorsteinn P. Hængsson.

2. Ársþings- og endurmenntunarnefnd

Hægur Þorsteinsson, Kristín Heimisdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson, Petra Sigurðardóttir, **Július Schopka**, **Sigríður Rósa Viðsdóttir** og fulltrúi stjórnar. (Sigurður Benediktsson)

3. Félagshemilisnefnd

Erna Rún Einarsdóttir, Hallfríður Gunnsteinsdóttir, Margrét Huld Hallsdóttir, Sonja Rut Jónsdóttir og fulltrúi stjórnar (framkvæmdastjóri).

4. Fulltrúi TFÍ í sérfræðinefnd

Ásgeir Sigurðsson, aðalmaður og Sigurjón Arnlaugsson, varamaður

5. Gerðardómur

Jón Ásgeir Eyjólfsson, Helgi Magnússon, Þórir Schiöth, Þórarinn Jónsson og Heimir Sindrason.

6. Hag- og rekstrarnefnd (áður Gjaldskrárnefnd)

Börkur Thoroddsen, Halldór G Halldórsson, Kristján Víkingsson, Þorsteinn Sch. Thorsteinsson og formaður félagsins

7. Lyfjanefnd

Ásgeir Sigurðsson, Elín S Wang, Rolf Hansson og Guðmundur Á. Björnsson

8. Minjasafnsnefnd

Birgir J. Jóhannsson, Guðmundur Rúnar Ólafsson og Ólafur Björgúlfsson

9. Orða- og fræðslunefnd

Björgvin Ó Jónsson, Einar Ragnarsson og Karl Örn Karlsson

10. Ritnefnd Tannlæknablaðs og heimasíðu

Sigrún Jónsdóttir ritstjóri, Berglind Jóhannsdóttir, Helgi Hansson og Jónas Geirsson

11. Ritnefnd Tannlæknatala

Sigurjón Sigurðsson, Gunnar Þormar, Gunnar Rósarsson og Jónas B. Birgisson

12. Samninganefnd við tannsmiði og FTAT

Gísli Vilhjálmsson, Guðrún Haraldsdóttir og Kristján Víkingsson

13. Samninganefnd TFÍ og TR

Formaður félagsins (sjálfkjörinn), Ingibjörg S Benediksdóttir, Stefán Hallur Jónsson, Ásgeir Sigurðsson og Þorsteinn Sch Thorsteinsson

14. Samstarfsnefnd TFÍ og TR

Jón Ásgeir Eyjólfsson, aðalmaður, Ingunn Mai Friðleifsdóttir, varamaður. Formaður félagsins og varamaður Stefán Hallur Jónsson.

15. VEIT - Virk Endurmenntun Íslenskra Tannlækna

Fulltrúi stjórnar TFÍ: **Sigurður Benediktsson**, fulltrúi tannlæknadeildar HÍ: Björn Ragnarsson
Fulltrúi kosinn á aðalfundi TFÍ: Þorsteinn Sch. Thorsteinsson

16. Vísindasjóður

Formaður félagsins, Þórarinn Jónsson og Þórarinn J. Sigurðsson

TILLÖGUR STJÓRNAR



fréttabréf tannlæknafélags íslands

september 2008

Tillögur stjórnar um skipan í nefndir og trúnaðarstörf félagsins

FORMAÐUR: Sigurjón Benediktsson

STJÓRN: Ingibjörg Sara Benediksdóttir, Stefán Hallur Jónsson, Sigurður Benediktsson og Petra Vilhjálmisdóttir

VARASTJÓRN: Sonja Rut Jónsdóttir og Börkur Thoroddsen

Frá formanni

Nú er komið að aðalfundi, ársþingi og árshátíð. Margt hefur á fjörur okkar rekið þetta starfsár. Ber þar hæst afmælið og glæsilegt ársþing. Ný umgjörð stærri og betri sýningaraðstaða, frábærir fyrirlestrar, skemmtiatriði í heimsklassa.

En lífið er meira en dans á rósum og skemmtilegur félagsskapur.

Ný lög um sjúkratryggingar voru samþykkt á haustdögum. Eigum við eftir að sjá hvað þau bera í skauti sér. En sjúkratryggingastofnun tekur til starfa um áramót. Ekki er ætlunin samkvæmt lögnum að semja við stéttar – eða fagfélög um kaup á þjónustu. Hver sem er, getur ráðið tannlækna til starfa og samið við hið opinbera um tannlæknaþjónustu. Tannlæknar koma þar ekkert nærri nema sem rekstraraðilar fyrirtækis á heilbrigðisviði eða vinnumenn t.d. Bónus-tannlækninga hf. . Þarna er því á ferðinni meiriháttar kerfisbreyting sem fylgt er eftir af hugmyndum um gjörbreytt tryggingakerfi í heilbrigðiskerfinu. Hvet ég tannlækna til að kynna sér löginn vel og skoða athugasemdir félagsins hér í fréttabréfinu .

Pétur Blöndal alþingismaður kom á félagsfund og gerði grein fyrir hugmyndum um að setja hámark á greiðslur hvers einstaklings í heilbrigðistryggingakerfinu. Þegar því hámarki er náð mun hið opinbera tryggingakerfi taka við og greiða það sem er umfram fyrirfram skilgreinda krónutölu. Til að tannlækningar falli inn í þetta kerfi þarf að safna upplýsingum um greiðslur sjúklinga fyrir tannlækningar á hverja einustu kennitölu á ákveðnu tímabili hjá sem flestum tannlæknum. Það verður ekki nema með samþykki tannlæknis.

Breytingar verða á stjórn að þessu sinni. Úr stjórn hverfur Kristín Gígja Einarsdóttir. Kristín hefur verið potturinn og pannan í skemmtiatriðum á árshátíð og vonandi heldur hún áfram að halda uppi fjörinu í félaginu. Um leið og henni eru þökkuð störf í þágu félagsins stingum við upp á Petru Vilhjálmisdóttur til stjórnarstarfa en hún hefur verið í varastjórn undanfarin ár. Ef tillaga stjórnar nær fram að ganga koma ný í varastjórn þau Sonja Rut Jónsdóttur sem hefur verið í stjórn félagsheimilis og gamli refurinn Börkur Thoroddsen sem kemur inn fyrir Björgvin G. Jónsson. Er nauðsynlegt að fá inn reynslu og þekkingu eldri félaga, og svo sannarlega hafa Björgvin og Sigurður Þórðarson veitt okkur af brunnum visku sinnar. Það er þakkar vert. Ég vil þakka öllum sem hafa lagt hönd á plóg í verkefnum félagsins. Nýja félagsheimilið er búið að sanna gildi sitt. Góð mæting á fundi og skemmtanir vitna um öflugt félagsstarf. En það er enn á brattann til stjarnanna.

Af boðuðum verkefnum stjórnar stendur út af endurskoðun á VEIT-kerfinu. Er það verðugt viðfangsefni nýrrar stjórnar. Annað stórmál er fjöldi tannlækna, staða tannlæknadeildar og framtíð tannlækninga almennt með tilliti til breytts starfsumhverfis og alþjóðavæðingu heilbrigðisþjónustu. Starfslok tannlækna er grein á sama meiði. Það verður að vera mögulegt fyrir tannlækna eins og aðra að eiga líf eftir erfitt starf í tugi ára.

Ekki verður horft til baka nema minnst með söknuði vinar og félaga. Sigurður Þórðarson kvaddi. Hafðu þökk.

Eitthvað fleira smálegt finnst einhversstaðar en er ekki til tínt á þessum vettvangi. **Lesið fréttabréfið. Sjáumst.**

Sigurjón Benediktsson

2.málgrein 7. greinar laga TFÍ hljóðar svo:

Félagsfundur getur þó breytt aðalfundartíma, ef sérstaklega stendur á. Til aðalfundar skal boða skriflega eða á annan sambærilegan jafntryggan hátt með 3ja vikna fyrirvara. Tillögur sem leggja skal fyrir aðalfund skulu berast stjórn félagsins minnst sautján dögum fyrir boðaðan aðalfund og endanleg dagskrá aðalfundar skal send út sjö dögum eftir boðun aðalfundar.

Breytingartillaga:

Félagsfundur getur þó breytt aðalfundartíma, ef sérstaklega stendur á. Til aðalfundar skal boða skriflega eða á annan sambærilegan jafntryggan hátt með 3ja vikna fyrirvara. Tillögur sem leggja skal fyrir aðalfund skulu berast stjórn félagsins minnst fjórtán dögum fyrir boðaða dagsetningu aðalfundar. Endanleg dagskrá aðalfundar skal send út sjö dögum fyrir auglýstan aðalfund.

Greinargerð

Tímarammar í lögum TFÍ varðandi boðun aðalfundar og kynningu á dagskrá hans eru of þröngir. Of stuttur tími er fyrir félagsmenn að koma tillögum til aðalfundar og einnig er lítil tími fyrir stjórn að koma út endanlegri dagskrá á tilsettum tíma. Verði þessar breytingar samþykktar þá hafa félagsmenn viku til að koma fram með tillögum og ályktanir til aðalfundar í stað fjögurra daga og stjórn og starfsmenn hafa viku til að koma endanlegri dagskrá til félagsmannatjórn án tillits til þess hvenær aðalfundur var boðaður í upphafi.



8. gr. laga TFÍ hljóðar svo:

Árgjald félagsins skal ákveðið á aðalfundi að fenginni tillögu stjórnar. Árgjaldið greiðist í þrennu lagi með gjalddögum: 1. febrúar, 1. maí og 1. ágúst. Eindagi er 20 dögum eftir hvern gjalddaga. Hafi félagsmaður ekki gert skil á eindaga hverju sinni reiknast dráttarvextir á greiðsluna. Geri félagsmaður ekki full skil ári eftir fyrsta eindaga telst hann ekki félagi fyrir en hann hefur greitt skuld sína að fullu. Nýir félagar, sem ganga í félagið eftir 1. júní ár hvert greiði hálf árgjald. Árið sem félagsmaður verður sextugur greiðir hann hálf árgjald, en árið sem félagi verður 67 ára fellur gjaldið niður. Heiðursfélagar greiða ekki árgjöld. Heimilt er stjórninni að lækka félagsgjald um allt að 2/3 ef eftirfarandi ástæður eru fyrir hendi:

1. Veikindi.
2. Félagi starfar ekki að tannlækningum.
3. Dvöl erlendis, minnst 4 mánuðir samfelld.
4. Sérstakar ástæður, sem stjórnin metur hverju sinni.

Breytingartillaga:

Árgjald félagsins skal ákveðið á aðalfundi að fenginni tillögu stjórnar. Árgjaldið greiðist í þrennu lagi með gjalddögum: 1. febrúar, 1. maí og 1. ágúst. Eindagi er 20 dögum eftir hvern gjalddaga. Hafi félagsmaður ekki gert skil á eindaga hverju sinni reiknast dráttarvextir á greiðsluna. Geri félagsmaður ekki full skil ári eftir fyrsta eindaga telst hann ekki félagi fyrir en hann hefur greitt skuld sína að fullu. Nýútskrifaðir félagar, sem ganga í félagið eftir 1. júní ár hvert greiði ekkert árgjald það ár og hið næsta. Árið sem félagsmaður verður sextíu og fimm ára fellur árgjald hans niður. Heiðursfélagar greiða ekki árgjöld. Það rýrir á engan hátt réttindi eða skyldur þeirra félagsmanna TFÍ sem ekki greiða fullt árgjald til félagsins.

Félagi í TFÍ greiðir 1/2 árgjald við eftirfarandi aðstæður, ef félagi óskar þess:

1. Félagi er frá störfum lengur en fjóra mánuði
 2. Félagi starfar ekki að tannlækningum
 3. Námsdvöl erlendis, minnst 4 mánuðir samfelld
 4. Fæðingarorlof lengur en fjóra mánuði
- Stjórn félagsins er heimilt að fella niður árgjöld félaga að hluta eða að öllu leyti séu til þess sérstakar ástæður.**



september 2008

Árþing TFÍ 2008 verður haldið í **Laugardalshöll** 17. og 18. október. Fyrirlestrar fyrir tanntækna og aðstoðarfólk verða á **Hótel Hilton/Nordica** sömu daga.

Í Laugardalshöll verða aðalfyrirlesarar þau **Irène Sailer og Ronald Jung**.

Fyrirlestur þeirra mun fjalla um:

"Útlits- og tanngervalausnir á nýrri öld"

Frá því tönn er dregin og þar til búið er að setja krónu – Leiðir til árangurs með hjálp tannplanta.

Strax í byrjun meðferðar verður að taka með í reikninginn alla áhæt-
tuþætti, sem áhrif geta haft á endanlega prótetíska lausn, þegar tannplantar eru notaðir í tannlækningum í dag. Síðastliðin 10 ár hefur tækninni í tannplöntum fleygt fram. Væntingar sjúklings eru mun meiri í dag. Útlit og estetík tannplanta hefur miklu meira vægi en áður, þar sem áður gildi mestu að plantinn sæti á sinum stað. Á framtanna-svæði skiptir mjög miklu máli hvaða prótetísku möguleikar eru valdir – ekki einungis vegna útlitsins, heldur einnig vegna endingar tanngervisins. Grundvallarákvarðanir þarf að taka um leið og tannplantinn er settur í sem og í þeim þáttum sem á eftir fylgja þar til endanlegt tanngervi hefur verið límt upp.

Þessi fyrirlestur sýnir skref fyrir skref frá tannúrdrætti að límingu endanlegrar tannplantakrónu með hjálp klínískra tilfella með beinni skírskotun í rannsóknir og þau fræði, sem tiltæk eru.

Einnig verður reynt að svara nokkrum klínískum spurningum;

Hvaða meðferðarmöguleikar eru í boði þegar tönnin hefur verið dregin?

Skiptir tímasetning ísetningu tannplantans máli þegar vernda þarf bein og getur rétt tímasetning komið í veg fyrir að bein rýrni? Hvenær er rétt að setja tannplantann í eftir úrdrátt tannarinnar? Skiptir máli að setja tannplantann strax á estetísku svæði eða eru aðrir möguleikar betri?

Dagskrá tanntækna og aðstoðarfólks er kynnt annarsstaðar í fréttabréfinu. Meðal fyrirlesara eru m.a. tannlæknarnir Elín Sigurgeirsdóttir, Bjarni E Pjetursson og Sigurður Örn Eiriksson, barnasálfræðingurinn Urður Njarðvík og sjúkrapjálfarinn Gauti Grétarsson.

**ÁKVEÐIÐ HEFUR VERIÐ AÐ HALDA
ÁRSHÁTÍÐ Í TENGLUM VIÐ ÁRSPING Á
HÓTEL SÖGU LAUGARDAGSKVÖLD
18.OKTÓBER**

AÐALFUNDUR TFÍ 2008

**VERÐUR HALDINN Í
FÉLAGSHEIMILINU
SÍÐUMÚLA 35
FIMMTUDAGINN
16.OKTÓBER OG HEFST
KLUKKAN 20:00**

D A G S K R Á

1. VENJULEG AÐAL- FUNDARSTÖRF

2. LAGABREYTINGAR

3. ÖNNUR MÁL RÉTT FRAM BORIN

**TILLÖGUR TIL AÐALFUNDAR
ÞURFA AÐ HAFA BORIST
STJÓRN FÉLAGSINS FYRIR
1.OKTÓBER OG ENDANLEG
DAGSKRÁ VERÐUR KYNNT
4.OKTÓBER**

**ÞEIR FÉLAGAR SEM HAFA
HUG Á AÐ STARFA Í
NEFNDUM OG RÁÐUM FYRIR
FÉLAGIÐ ERU BEÐNIR AÐ
HAFA SAMBAND VIÐ
STJÓRNARLIÐA EÐA FRAM-
KVÆMDASTJÓRA**

**LAGABREYTINGARTILLÖGUR
STJÓRNAR ER AÐ FINNA Í
ÞESSU FRÉTTABRÉFI**

STJÓRN TFÍ



Borholan "ógurlega" í Gjástykki.....slétt helluhraun úr gosum úr Leirhnjúk 1984-1991

Breytingartillaga stjórnar vegna 8. greinar laga TFÍ um árgjöld og fleira

Greinargerð:

Það er ljóst að meðalaldur tannlækna hækkar eins og annarra í þjóðfélaginu. Nú eru 115 félagar í TFÍ sextíu ára og eldri. Sextíu og sex þeirra eru að störfum í tannlækningum. Sjötíu og fjórir eru eldri en 65 ára. Þrjátíu og fjórir eru enn að störfum. Í ljósi aldurssamsetningar og raunveruleika í lífeyristöku stéttarinnar (67 ár) þá er full ástæða til að breyta reglum um árgjöld og niðurfellingu þeirra að hluta eða öllu leyti. Á sama tíma er rétt að auðvelda nýútskrifuðum tannlæknum aðkomu að félagi sínu auk þess að skilgreina betur hverjir fá afslátt af félagsgjöldum og við hvaða aðstæður.

Verðbólga mælist nú 14,5% frá 1. ágúst 2007. Félagsgjöld ættu að hækka um 9000 krónur samkvæmt því. Verði þessi tillaga samþykkt mun stjórnin leggja til 10% hækkun árgjalda eða 6400 króna hækkun. Nauðsynlegt er að styrkja eigið fé félagsins og ljúka endurbótum á húsnæði.

Það er ekki raunhæft að ætla að tannlæknar hætti að vinna sextíu ára að aldri og engin ástæða til þess að tannlæknar í fullu fjöri og starfi hætti að taka þátt í uppbyggingu og styrkingu stéttar- og fagfélags síns. Því er lagt til að færa mörk niðurfellingar árgjaldagreiðslu félaga nær eðlilegum lífeyrismörkum.

Samanburður á þróun árgjalda TFÍ og byggingarvísitölu - byggingarvísitala nóvember 2000 245.5

> 2001-2002 50.100kr	> 2002-2003 50.100kr
> 2003-2004 50.100kr	> 2004-2005 55.000kr
> 2005-2006 55.000kr	> 2006-2007 60.000kr
> 2007-2008 64.000kr	> 2008-2009 ? byggingarvísitala sept 2008 441,3

>> EF ÁRGJALD ÆTTI AÐ FYLGJA BYGGINGARVÍSITÖLU ÞÁ ÆTTI ÁRGJALD AÐ VERA KRÓNUR **90.058**

3.málgrein 6.greinar laga TFÍ hljóðar svo:

Stjórn félagsins fer með allar ákvarðanir milli aðalfunda og ber ábyrgð á framkvæmd þeirra eins og aðalfundasamþykta sem og samþykka félagsfunda. Stjórn félagsins tekur ákvarðanir sem krefjast tafarlausrar úrlausnar en leggja skal allar slíkar meiriháttar ákvarðanir undir næsta félagsfund. Stjórn ræður framkvæmdastjóra og ákvarðar honum starfskjör og starfslýsingu. Stjórn félagsins kemur fram fyrir hönd félagsmanna og formaður fyrir hönd stjórnar.

Breytingartillaga stjórnar

Lagt er til að inn í málgreinina komi setning og hún hljóði þannig eftir breytingu:

Stjórn félagsins fer með allar ákvarðanir milli aðalfunda og ber ábyrgð á framkvæmd þeirra eins og aðalfundasamþykta sem og samþykka félagsfunda. Stjórn félagsins tekur ákvarðanir sem krefjast tafarlausrar úrlausnar en leggja skal allar slíkar meiriháttar ákvarðanir undir næsta félagsfund. **Stjórn er heimilt að láta fara fram póstkosningu eða rafræna kosningu um þau mál er stjórn telur mikilvæg eða til að tryggja jafnræði félaga til ákvarðanatöku og fá sem réttasta mynd af vilja félagsmanna.** Stjórn ræður framkvæmdastjóra og ákvarðar honum starfskjör og starfslýsingu. Stjórn félagsins kemur fram fyrir hönd félagsmanna og formaður fyrir hönd stjórnar.

Greinargerð:

Í ljósi umræðu um framkvæmd kosninga um álitamál í félaginu er hér tekinn af allur vafi hvort stjórn sé heimilt að nýtra sér nútíma tækni og venjuleg samskipti til að fá fram vilja sem flestra félagsmanna í afstöðu til mála sem stjórn telur þess eðlis að rétt sé að nýta póstkosningu eða rafræna kosningu

Á síðasta félagsfundi kynnti Petur Blöndal hugmyndir nefndar sem vinnur að einföldun og breytingum á heilbrigðis-tryggingakerfinu. Nefndin ætlar að byggja gagnasöfnun sína hjá tannlæknum á eftirfarandi bréfi:

Í framhaldi af bréfi Persónuverndar til formanns framkvæmdanefndar um greiðsluþátttöku almennings í heilbrigðiskerfi dags. 27. júní 2008 s.l. óska undirritaðir eftir heimild Persónuverndar til að framkvæma eftirfarandi keyrslu. Keyrslunni er ætlað að kanna heildar greiðsluþátttöku almennings á árinu 2007 í kostnaði vegna tannlækninga.

Gögnin verði notuð til að kanna hvernig ýmsar breytingar kynnu að koma út gagnvart einstaklingum og þátttöku þeirra í þessari þjónustu að óbreyttri neyslu.

Gögnin sem safnað yrði hjá tannlæknum eða gagnavinnsluáðilum þeirra að fengnu samþykki Persónuverndar eru:

- Kennitala einstaklings, aldur, kyn, dagsetning þjónustu (ár og mánuður),
- Þjónustuaðili
- Heiti þjónustuþáttar
- Greiðsla einstaklings

Þessi gögn yrðu flutt undir eftirliti fulltrúa Persónuverndar sem geymir lykil að dulkóðun kennitalna þannig að hver kennitala fengi númer en aldur, kyn og örorkustaða yrði geymd

Þannig breytt yrðu gögnin ekki persónugreinanleg og afhend vinnsluáðilum.

Keyrsla vinnsluáðila yrði fólgin í að leggja saman greiðslu hvers sjúklings í hverjum mánuði fyrir hvern þjónustuþátt og samanlagðan kostnað vegna heilbrigðisþjónustu. Þessi keyrsla verði notuð til að hanna endurskipulagningu á greiðsluþátttöku almennings vegna heilbrigðisþjónustu.

Með þessu bréfi er verið að óska eftir staðfestingu á samþykki Persónuverndar fyrir þessum keyrslum og til þess að vinnsluáðilinn geymi frumgögnin í einhvern tíma sem þó yrði aldrei lengri en 12 mánuðir og eyði þeim svo. Samningar við vinnsluáðila hljóti samþykkis Persónuverndar.

Eins og bent var á í fyrsta bréfi formanns framkvæmdanefndarinnar er ekki um að ræða að safna viðkvæmum læknisfræðilegum upplýsingum heldur fyrst og fremst fjárhagslegum upplýsingum sem engu að síður gætu varðað persónuvernd.

SKÝRSLA STJÓRNAR- fundir félagsins

Á liðnu starfsári, frá 31. ágúst 2007 til 1. september 2008, voru haldnir sex félagsfundir auk aðalfundar. Stjórnarfundir voru 10 frá síðasta aðalfundi 8. nóvember 2007. Auk þess sat stjórn fundi með samninganefnd heilbrigðisráðuneytis, heilbrigðisnefnd Alþingis og fleirum. Formaður sótti fjölda funda t.d. með landlækni, tryggingatannlækni, ráðherra og þingmönnum, neytendastofu og fleiri. Varaformaður hefur sinnt erlendum samskiptum og sótti t.d. fundi formanna Norðurlandafélaga tannlækna.

Á félagsfundum 20. september 2007 var rætt um reykingar og meðferðir til að losna við þá fíkn. Ásgeir Sigurðsson tannlæknir kynnti síðan nýja reglugerð um lyfjaávisanir tannlækna. Fimmtíuogfjórir mættu á fundinn. Félagsfundur í Tannlæknafélagi Íslands 25. október 2007 ræddi "Svæfingar í tannlækningum". Mættir voru 47 félagar. Á aðalfund 8. nóv. 2007 mættu 110 manns

Fyrsti félagsfundur ársins 2008 var haldinn í félagsheimili TFÍ ímmtudaginn 24. janúar 2008 undir fyrirsögninni: Frunsur, munnangur og fleira kræsilegt í munnholi. Hvað er til ráða? Sjöttíuog sex félagar mættu og nutu þar fræða Peters Holbrook tannlæknis og Skúla Skúlasonar lyfjafræðings.

Sviðaveisla formanns var haldin í febrúar en 27. mars mættu 44 félagar á félagsfund. Fundurinn hófst kl. 18.00 með fyrirlestri Davíðs Gíslasonar ofnæmislæknis um bráða- og snerti ofnæmi. Ert þú með ofnæmi? Þolir þú ekki latex hanska? Færðu hnerra af acrylduftinu? Er compositið farið að fara í hendurnar á þér? Þetta voru m.a. þær spurningar er svarað var.

Eru tennur betri í glasi en gómi? Svo var spurt á félagsfundum 17. apríl s.l. Á þann fund var boðið Alþingis- og fréttamönnum auk áhugamanna um tannvernd. Er skemmst frá því að segja að ekki mættu þessir aðilar en 55 félagar fóru yfir Munnis rannsóknina með Hólmfríði Guðmundsdóttur tannlækni og Stefáni Hrafn Jónssyni félagsfræðingi frá Lýðheilsustöð og Sigfúsi Þór Elíassyni frá tannlæknaeild.

Loks var fundur 11. september s.l. þar sem Pétur Blöndal alþingismaður kynnti hugmyndir um jöfnuð í tryggingakerfi landsmanna. Fimmtíuogeyn félagi mætti.

Á öllum félagsfundum er auk þess rætt um félagsmál og oft tekist á og deilt. Stjórn tók upp nýtt form á fundum. Fundir hefjast jafnan klukkan 18:00 og er þá tekið fyrir eitthvað málefni sem áhuga vekur eða er í umræðunni. Síðan er boðið uppá frábæran léttan mat og veitingasalan er opin. Klukkan 20:00 er svo jafnan hafist handa við félagsmálin og fundi lýkur helst ekki seinna en 09:15. Hefur þetta gefist vel. Fundarsókn er með ágætum og er stöðug. Stjórn heldur ávallt fundi fyrir eða eftir félagsfundum og svo þegar þurfa þykir.

Stjórn félagsins vill þakka öllum sem komð hafa að undirbúningi og framkvæmd félagsfunda. Félagsheimilisnefnd á þakki skyldar og að sjálfsögðu verður bryddað uppá einhverju til að krydda tilveruna í okkar ágæta félagsheimili. Framkvæmdastjóra eru þökkuð hennar störf.

ÁRSHÁTÍÐ

munið að panta borð fyrir stofuna eða árganginn á árshátíð...manstu hvað var gaman í fyrri? ...ólseiga öndin er búin...allt annað var FRÁBÆRT..og VERÐUR frábært

.....mætum öll

Ágætu tannlæknar

Rekstrarnámskeið Tannlækningastofnunar í samvinnu við Kaupping og Tannlæknafélag Íslands verður haldið í þriðja sinn dagana 7.-8. nóvember næstkomandi. Á námskeiðinu verður eins og áður fjallað um alla mikilvægustu þættina í rekstri tannlækna stofnu, t.d. kostnaðargrunn, markaðssetningu, fjármögnun, bankaviðskipti, lífeyrismál, bókhald, skattamál, tryggingar og margt fleira. Námskeiðið er ætlað tannlæknum, en getur einnig verið mjög gagnlegt fyrir þá starfsmenn sem sjá um rekstur stofunnar eða einhverja þætti hans. Endanleg dagskrá og skráning auglýst síðar.

Er þetta það sem koma skal?

Nýlega er sagt frá því í Morgunblaðinu að sveitarstjórn Vesturbýggðar ætli sér að greiða kostnað við tannlækningaskoðun grunn- og leikskólubarna sem annars fellur á foreldra. Um er að ræða 130 börn í grunnskóla auk 35 barna á leikskólaaldri samtals 165 börn. Áætlað er að verkefnið kosti sveitarfélagið 350-450 þúsund króna á ári. Um er að ræða skoðun hjá tannlækni og röntgenmyndatöku þar sem tannheilsa er metin. Verkefnið mun standa í þrjú ár og þá verður árangur metinn og ákvörðun tekin um framhaldið. Fjórir bæjarfulltrúar samþykktu tillöguna, tveir sátu hjá, og einn bæjarfulltrúi var á móti. Í bókun með móttatkvæðinu segir: „Heilsuvernd og tannheilsa barna er á ábyrgð ríkisins sem býður fría skoðun þriggja og tólf ára barna og tannheilsa er algjörlega á ábyrgð foreldra en ekki annarra skattborgara í sveitarfélaginu Í bókun meirihluta segir: „Með þessu vilja bæjarfulltrúar taka þátt í að bæta tannheilsu barna í Vesturbýggð“.

Til ihugunar:

Úr tölvusamskiptum stjórnar „Þetta vekur upp spurningar. Hvernig ákvarðar sveitarfélagið kostnað við svona verkefni þegar gjaldskrá tannlækna er frjálst? Er ekki einfaldast að miða við litla samninginn frá því í fyrri?“ „Eða getur ekki bara sveitafélagið samið við nýju sjúkratryggingastofnunina? Hvernig passar þetta við tillögur Péturs Blöndal um að jafna kostnað í heilbrigðisþjónustu?“ „Stendur eiginlega ekki sveitarfélögunum nær að tannheilsa barnanna í þeirra sveitarfélagi sé góð heldur en einhverju "RÍKI" sem er í raun sama um einstaklingana?“ „Nú þegar ríkinu hefur algjörlega mistekist að viðhalda tannheilsu íslenskra barna þá koma sveitarfélögin sterk inn. Endilega að vekja athygli á þessu framtaki. Parna er a.m.k. einhver sem ekki er alveg sama“ „Það þarf a.m.k. að setja þetta á heimasíðuna og kannski skrifa í Mogga og fagna þessu framtaki sveitarfélagsins sem virðist vera mun framsýnna en möppudýrin í ráðuneytinu“



fréttabréf tannlæknafélags íslands

september 2008

FRÁ STJÓRN: Tillaga að ályktun aðalfundar TFÍ 16. október 2008

Tannlæknafélag Íslands undrast tómlæti og viljaleysi heilbrigðisyfirvalda vegna tannheilsuvanda þjóðarinnar. Á sama tíma og mikilli vinnu og peningum er varið til að finna upp ný og ný kerfi almannatrygginga þá virðist almennt heilsufar engu máli skipta. Til dæmis fer almennri tannheilsu hratt hrakandi. Ekkert í boðuðum breytingum og lagabálkun hefur bætandi áhrif á tannheilsu. Eini samningurinn sem er í gildi milli opinberra aðila og tannlækna er að fjara út og enginn sjáanlegur áhugi er hjá heilbrigðisyfirvöldum til að endurnýja hann eða bæta.

Tannlæknafélagið hvetur til þess að brugðist verði við vaxandi tannheilsuvanda áður en verkefnið verði óviðráðanlegt.

SKÝRSLUR NEFNDA

Skýrsla Minjasafnsnefndar

Í Minjasafnsnefnd eru ásamt undirrituðum, Guðmundur Rúnar Ólafsson og Ólafur Björgúlfsson. Lítið hefur farið fyrir störfum nefndarinnar þetta árið. Safnið er enn í kjallara Bygggarða 7 og fer vel um það þar. Vegna starfsloka formanns nefndarinnar bættust við nokkrir fornmunir í safnið. Lyklavöld af safninu voru tekin af nefndinni og var því sjaldnar komið þar til vinnu. Nú hefur skóflustunga hefur verið tekin af Læknaminjasafninu á Nesi á Seltjarnarnesi og bindum við vonir að safnið fái þar inni verðugan sess. Alls sex manns tóku skóflustunguna!!! Verða munir valdir í Læknasafnið og saga þeirra vel skýrð. Ætlum að fá fund með bygginganefnd á næstunni.

Birgir Jóh. Jóhannsson

Orða- og fræðslunefnd

Orða- og fræðslunefnd hefur haldið áfram vinnu við söfnun og skráningu iðorða í tannlækningum. Fræðslunefnd hefur í samvinnu við framkvæmdastjóra TFÍ hafið samantekt á reglum stéttarféлага um styrk til tannviðgerða til upplýsingar fyrir tannlækna, sem gæfu þá miðlað þeim til skjólstæðinga sinna.

Björgvin Ó Jónsson

Skýrsla árpings og endurmenntunarnefndar Starfsárið 2007-2008

Í nefndinni sátu Solveig H Jónsdóttir formaður, Helgi H. Hansson, Hængur Þorsteinsson, Kristín Heimisdóttir, Petra Sigurðardóttir og Jón Ólafur Sigurjónsson. Störf nefndarinnar fólust í því að skipuleggja ársþing og janúarkúrs og að þessu sinni var einnig haldinn vorkúrsus á Hamri í Borgarfirði. Ársþingið 2007 var fjölsótt og vel heppnað. Í tilefni af 80 ára afmæli Tannlæknafélags Íslands var ákveðið að hafa ársþingið alíslenskt og voru ellefu tannlæknar og einn tannsmiður með fyrirlestur. Þingið stóð yfir dagana 9. – 10. nóvember og hófst á föstudeginum með fyrirlestri Elínar Sigurgeirsdóttur um bithækkun. Ægir Rafn Ingólfsson fjallaði um notkun smásjár í tannlækningum, Guðmundur Ásgeir Björnsson um verkjastillandi og bólgueyðandi lyf eftir aðgerðir, Sigurður Rúnar Sæmundsson um verðmyndun í tannlækningum, Ragnheiður Hansdóttir um sjúkdóma í kjálkaliðum og tyggingafærum, Inga B Árnadóttir um glerungseyðingu hjá íslenskum unglingum og Jónas Geirsson um viðkvæmni í tönnum eftir ísetningu plastfyllinga. Á laugardegnum reið Árni Þórðarson á vaðið með umfjöllun um Klassa II bitskekkju, Magnús Jón Björnsson fjallaði um bráðabirgðaparta, Bjarni Róbert Jónsson tannsmiður fjallaði um málmlausar krónur og að lokum fjölluðu Kristín Heimisdóttir og Bjarni Elvar Pjetursson um tannplanta og tannréttingar.

Janúarkúrs 2008 var haldinn í Félagsheimilinu dagana 25. – 26. Janúar og var nefndin ánægð með að geta haldið kúrsinn á heimaslóðum. Fyrirlesarar á janúarkúrsi voru einnig allir íslenskir. Urður Njarðvík sérfræðingur í klínískri barnasálfræði tók fyrst til máls á föstudeginum og fjallaði um ADHD börn og áskoranir í daglega lífinu og hjá tannlæknum. Gísli Einar Árnason fjallaði um hvernær tímabært væri að hefja tannréttingameðferð og Helgi Hansson fór yfir greiningu, bráðahjálp og útfyllingu sjúrnals við tannáverka fullorðinstanna. Á laugardegnum fjallaði Teitur Jónsson um greiningu og meðferð á þrengslum á tannskiptaaldri, Sigurður Rúnar Sæmundsson fjallaði um jákvæð og árangursrík samskipti við börn og að lokum fjallaði Gísli Vilhjálmsson um einfaldar lausnir á erfiðum vandamálum í tannréttingum.

Vorkúrsus var haldinn á Hótel Hamri í Borgarfirði. Fyrirlesarar voru Jóhann Ingi Gunnarsson sem fjallaði um hvernig best væri að lifa lífinu lifandi og Gauti Grétarsson sjúkráþjálfari fjallaði um mikilvægi heilsunnar í leik og starfi. Ársþing 2009 er á næsta leið og verða Iréne Sailer og Ronald Jung fyrirlesarar ársþingsins að þessu sinni. Þau munu fjalla um leiðir til árangurs við meðferð með tannplöntum. Samhliða dagskrá tannlækna verður dagskrá fyrir tanntækna og aðstoðarfólk. Þar munu Urður Njarðvík, Elín Sigurgeirsdóttir, Sigurður Örn Eiríksson, Bjarni Elvar Pjetursson og Gauti Grétarsson halda fyrirlestra.

Undirbúningur fyrir janúarkúrs 2009 er í fullum gangi og verður dagskrá þess auglýst síðar.

Fyrir hönd ársþings og endurmenntunarnefndar,

Solveig Hulda Jónsdóttir.

Skýrsla Hag- og Rekstrarnefndar 2007 - 2008

Síðasta uppfærsla kostnaðargrunns þess sem fylgdi samningi TFÍ og TR frá 15. apríl 1992 er frá 6. júní 2008. Þá sendi H&R öllum félögum í TFÍ fjögur skjöl í tölvupósti. Skjölin, sem eru hluti af ársskýrslu H&R eru: Wordskjalið, HagRekJúnNo1.doc og þrjú exelskjöl, sem sýna mismunandi útfærslur á útreikningi kostnaðargrunns. Í word-skjalinu HagRekJúnNo1.doc eru nánar útskýringar og er vísað til þeirra. Tannlæknar geta haft grunninn til samanburðar þegar þeir fá reikningsskil síðasta árs frá endur-skoðendum sínum. Það skal vera ljóst að útreikningar H&R eru eingöngu leiðbein-andi. Útreikningarnir eru einungis framreikningur á grunni sem var í gildi þegar samningur var við TR um fastan taxa. Alls eru notaðar 22 vísitölur. Þessi fjöldi breytta flækir útreikningana. Nóg væri að nota vísitölu neysluverðs til þess að fram-reikna grunninn. Vísitalan hefur hækkað úr 307,1 stigi í 312,8 síðan í júní eða 1,8%.

Rekstrarumhverfið er hvergi eins á tannlæknastofum. Ekki frekar en fingraför. Launa-kostnaður sem vegur þungt í grunni er breytilegur. Ekki eru allir með starfsmann í fullu starfi og annan í hálfu, eins og gert var ráð fyrir í samningi TFÍ og TR. Starfsmenn geta verið fleirri eða færri. Gengi gjaldmiðla – SDR - hefur mikil áhrif á stofnkostnað sem aftur hefur áhrif á fjármagnskostnað og afskriftir. H&R mun senda nýjan útreikning þegar gengi krónunnar kemst í jafnvægi.

Þegar tannlæknir semur verðskrá sína eftir eigin rekstrartölum og tímamælingum er gott að hafa eftirfarandi í huga: Að undangengnum samningi milli TFÍ og Trygg-ingastofnunar Ríkisins (TR), sem undirritaður var hinn 10. des 1987, könnuðu samningsaðilar rekstrarþætti á tannlæknastofum árin 1985 og 1986. Könnunin var endurtekin árið 1990 og var þá byggt á rekstrartölum árána 1987 og 1988. Á niður-stöðunum var m. a. byggður kostnaðargrunnur sem gildi meðan samningur var í gildi. Í þessum samningi TFÍ og TR var samkomulag um að þótt viðvera tannlæknis á stofu væri 8 stundir á dag, nýttust aðeins 6 stundir sem klínískur vinnutími.

Þegar dregnir eru frá þeir virku dagar sem fara í orlof, eftirmenntun, veikindi og aðra óvænta fjarveru eru klínískir vinnudagar 206 á ári. Alls er klíníski tíminn því 1236 stundir á ári. Þetta er í samræmi við vinnutíma tannlækna á annarsstaðar á Norður-löndum. Viðvera á stofu er ekki sama og klínískur vinnutími. Klínískur vinnutími, 6 stundir á dag, er sá eini sem tannlæknirinn getur heimt þóknun fyrir. Tannlæknir getur einungis verðlagt klínísk (etv. teknísk) verk sín og þjónustu. Kjósi tannlæknir að sinna uppgjöri, bókhaldi og skrifinnskunni sjálfur gerir hann það launalaust. Sama gildir fyrir vottorð, álitserðir og svör við fyrirspurnum frá TR.

Enginn, hvorki spítali, ríkissjóður né annar, greiðir ferðir og upphald fyrir tannlækni vegna sí- og endurmenntunar. Enginn greiðir tannlæknum laun í orlofi og veikindum. Enginn greiðir tannlækni eftirlaun. Enginn afhendir tannlækni starfslokasamning með gullnu handsali, hvað þá gullna fallhlíf. Öllu þessu þarf tannlæknir að gera ráð fyrir í þeim tekjum sem hann hefur af klínískri vinnu sinni og reikna inn í taxa sinn.

Samráð um gjaldskrá er ólöglegt. En hægt er að fara inn á vefsíðu Neytendasamtakana, www.ns.is og sjá niðurstöður könnunar frá sl. hausti. Sjá má þar hvernig 142 nafngreindir tannlæknar verðleggja valda aðgerðarliði. Vandséð er hvernig hægt er að koma í veg fyrir samráð um verð þegar þessar upplýsingar liggja fyrir. Búast má við því að þeir sem eru neðarlega á skalanum muni færa verð sín nær meðaltalinu, etv. yfir meðaltalið.

Rvk, 16. september 2008 - Börkur Thoroddsen

munið að skrá ykkur á ársþing og árshátíð

<http://islandsmot.is>

<http://tannsi.is>

Samninganefnd við aðstoðarfólk tannlækna og tannsmiði

Samningar við Félags aðstoðarfólks tannlækna voru undirritaðir í mars síðastliðinn. Samningurinn er frekar stuttur eða til 2010 og er með endurskoðunarákvæðum. Ég er næsta viss að einhverjar leiðréttingar þarf að bjóða 2009. Ég tel að samningurinn sé mikils virði fyrir báða aðila og bið tannlækna að fylgja honum nákvæmlega og kynna hann öllum nýráðnum starfskröftum.

Gísli Vilhjálmsson

ÁRSHÁTÍÐ TFÍ Súlnasal Hótel Sögu

laugardagskvöldið 1. október

Húsið opnar kl. 19:00

Dagskrá:


*Kl. 20:00 Samkoman sett
Borðhald:
sitrus sandhverfa
hjúpaður lambahryggur
crème brûlée*

*Ræða kvöldsins
Skemmtiatriði Kvenfélagsins
XXX
Hjónsveit TFÍ leika af
gómum fram
Karlakór TFÍ syngur sig í
tannhold vðstaddir*

*Hljónsveit hússins leikur fyrir
dansí*

Verð krónur: 11.000 kr

miðar á heimasíðu tannsi.is



september 2008

fréttabréf tannlæknafélags Íslands

Umsögn um frumvarp til laga um sjúkratryggingar.

Almennt má segja um frumvarpið að það er þungt og flókið eins og raunar allir lagabálkar er snerta heilbrigðismál. Slíkt kallar á endurbætur á endurbætur ofan eins og raunin er með lög um almannatryggingar og væri óskandi að lögin yrðu einföld og skiljanleg og laus við óhóflegar reglugerðarheimildir.

Tannlæknafélagið fagnar þeim markmiðum frumvarpsins að tryggja sjúkratryggingum jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu óháð efnahag. Að mati Tannlæknafélags Íslands er svo ekki í dag eins og kemur skýrt fram í MUNNÍS rannsókninni sem var framkvæmd að beiðni heilbrigðis- og tryggingaráðuneytisins.

Um 5. gr. frumvarpsins er það að segja að staðsetning stofnunar af þessum toga getur ekki skipt neinu máli og er sérkennilegt að takmarka rekstur umboða slíkrar stofnunar við aðila sem veita almannatryggingar. Verður ekki annað séð en t.d. bankar og lánastofnanir séu fullfærir aðilar til að sinna slíkum umboðsstörfum.

Í 8.gr. er rætt um “gagnreynda þekkingu” sem hvergi er skilgreind svo vitað sé enda óþekkt form þekkingar.

Í 20. grein er fjallað um tannlæknaþjónustu þar er tekið fram að sjúkratryggingar taka til nauðsynlegra tannlækninga aldraðra, öryrkja og barna yngri en 18 ára, annarra en tannréttinga, sem samið hefur verið um skv. IV. kafla.

Hvergi er að finna nánari skilgreiningu á því hvað eru nauðsynlegar tannlækningar og það falið ráðherra með heimild til reglugerðasetningar sem er aðallega hugsað til að setja skilyrði og takmarka greiðsluþátttöku Tannlæknafélagið gerir alvarlega athugasemd við 39.gr. frumvarpsins en þar virðist ljóst að þess verði ekki krafist að eigendur félaga sem veita heilbrigðisþjónustu á sviði tannlækninga þurfi endilega að vera tannlæknar. Tannlæknafélagið telur heppilegra að tannlæknar séu eigendur þeirra fyrirtækja er veita tannlæknaþjónustu. Fer þá saman fagleg og fjárhagsleg rekstrarábyrgð enda reiknað með ákveðnu eftirliti Landlækniseimbættisins. Verður ekki séð að Landlæknir geti haft einhver áhrif á viðskiptafélög sem ráða tannlækna í vinnu hjá félaginu. Tengsl fagmennsku og ábyrgðar eru þar með rofin í frumvarpinu sem verður hvorki veitendum þjónustu né sjúklingum til bóta. Með þessum hugmyndum í frumvarpinu er auk þess grafið undan áhrifum fagfélaga og fagfólks á heilbrigðisþjónustu. Loks má geta þess að tannlækningar hafa setið utangarðs í opinberri heilbrigðisþjónustu til langs tíma. Afskipti og umfang hins opinbera af tannheilbrigði eru orðin hverfandi í þjóðfélaginu.

Í greinargerð frumvarpsins stendur ennfremur um 39. greinina: “Ekki er gert ráð fyrir að stofnunin semji við fagfélög eða stéttarfélög eins og tíðkast hefur”.

Við hverja á þá að semja er ekki hægt að lesa út úr frumvarpinu og virðist hér verið að gera atlögu að félögum heilbrigðisstétta og berja niður samstöðu þeirra og gera að engu uppbyggingu félagsstarfs og fagmennsku innan þeirra. Tannlæknafélagið hvetur til þess að greininni verði breytt þannig að stofnunin geti og skuli, allt eins og jafnvel aðallega semja við fagfélög og/eða stéttarfélög á heilbrigðissviði.

Félagið gerir athugasemd við orðalag í 40.gr. En þar segir að takmarka megi samningsgerð” á grundvelli hlutlægra og málefnalega sjónarmiða” ef framboð af tiltekinni þjónustu er meiri en “þörf” er á. Félagið telur fráleitt að þessi nýja stofnun geti ákveðið ein og sér að of mikið framboð sé af einhverri ákveðinni heilbrigðisþjónustu. Ekki verður við það unað að stofnunin geti einnig ákveðið að sú þjónusta takmarki með einhverjum hætti möguleika t.d. nýútskrifaðara tannlækna að vinna fyrir stofnunina en ætlist svo til að tannlæknar sem hafa ekki samning keppi á samkeppnismarkaði skv samkeppnislögum við aðra tannlækna sem hafa samning.

Orðalag í greininni um val á viðsejendum er fráhrindandi og ekki til þess fallið að vekja traust til stofnunarinnar. Samkvæmt öðrum lögum og stjórnarskrá verður ekki séð að það geti verið á valdi starfsmanna einhvern stofnunar eða ráðherra að ákveða hverjir hafi aðgang að samning-aborði um sjúkratryggingar. Að því gefnu að aðilar uppfylli allar kröfur um hæfi og réttindi.

Svo segir ennfremur í frumvarpinu: “Jafnframt skal leitast við að tryggja þjónustu við sjúkratryggða hvar á landinu sem þeir eru búsettir og að veitendur þjónustu gæti þess að sjúkratryggðir njóti jafnræðis”. Um þetta er það að segja að lög ættu ekki að þyngja einum aðila umfram aðra og verður að ætlast til þess að orðaleppar eins og “að leitast við” og “gæta þess” hverfi ur lögum er snerta alla landsmenn jafnt.

Tannlæknafélagið fagnar því að eftirlit sé haft með starfsemi milli samningsaðila. Gildir slíkt eftirlit þá jafnt um stofnunina og veitendur þjónustunnar. Slíkt myndi skapa aðhald og minnka tortryggni milli aðila. Á hinn bóginn er ekki gætt jafnræðis þegar rætt er um vanefndir og viðurlög í 48. og 49. grein frumvarpsins. Er hvergi nefnt að hægt sé að sækja að stofnuninni vegna vanefnda, ranginda eða vanræskslu.

Löngu tímabært er að koma á rafrænum samskiptum og samskipti á samræmt rafrænu formi eru til bóta. Í framsögu heilbrigðisráðherra segir eftirfarandi: “Gert er ráð fyrir að framkvæmd laganna muni að mestu hvíla á sjúkratryggingastofnun, sérstakri stjórnsýslustofnun sem mun starfa undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra. Sjúkratryggingastofnun mun því í umboði ráðherra bera annars vegar ábyrgð á framkvæmd sjúkratrygginga gagnvart einstaklingum og hins vegar fara með það hlutverk að semja við heilbrigðisstofnanir, sveitarfélög, sjálfseignarstofnanir, fyrirtæki og einstaklinga um veitingu heilbrigðisþjónustu og endurgjald fyrir veitta þjónustu til handa sjúkratryggðum einstaklingum í samræmi við stefnumörkun ráðherra”

Tannlæknafélagið telur eðlilegra að Alþingi marki opinbera stefnu í heilbrigðismálum þjóðarinnar enda hefur það á höndum fjárveitingavaldið en ekki ráðherra heilbrigðismála.

Tannlæknafélagið er ávallt tilbúið til viðræðna um málefni tannlækna og tannlækninga en ítrekar að hið opinbera er nú aðeins kaupandi að 18-20% umfangs tannlæknaþjónustu á Íslandi og eru engin teikn uppi um að það breytist í bráð.

F.h Tannlæknafélags Íslands

Sigurjón Benediktsson formaður

Sigurður Benediktsson gjaldkeri

Samstarfsnefnd T.R. OG T.F.I.

Nefndin hefur starfað síðan að samstarfssamningur um forvarnarskoðun 3 og 12 ára barna var staðfestur af báðum samningsaðilum. Nefndin hefur haldið reglulega fundi eftir því sem ástæða hefur þótt til. Fundað hefur verið ýmist í húsnæði Tryggingarstofnunar eða Tannlæknafélagsins. Fylgst hefur verið með framkvæmd samningsins og hefur helst verið kvartað yfir ófullnægjandi skráningu tannlækna á tannheilsu barna. Vonandi stendur það til bóta. Þá hefur nefndin tekið fyrir ýmiss mál sem lúta að samskiptum tannlækna og Tryggingarstofnunar. Vinnuandi í nefndinni er góður og hafa öll mál sem nefndinni hafa borist verið lokið í sátt. Í nefninni af okkar hálfu eru auk mín Sigurjón Benediktsson formaður. Varamenn eru Ingunn Mai Friðleifsdóttir og Stefán Hallur Jónsson.

Jón Ásgeir Eyjólfsson

Árspaning félagsins er kjarninn í félagsstarfinu. Félagstarfið byggist á því að hafa aðstöðu sem félagar vilja nýta og nota. Aðstaðan er félagsheimilið. Félagshæimilið er að vísu aðeins steypa og umgjörð. Við, félagar í TFÍ erum sálin í félagskapnum og lífið í félagsheimilinu. Þetta tvennt, árspaning og félagsheimili, getum við þakkað framsýnum félögum, sem höfðu trú á félagskapnum. Allt hitt er ykkur að þakka.



Fr. Ólafur Björguðsson, Magnús R. Gíslason, Hórnur Sveinsson og Blágr Jónsson.



Skemmtinefnd TFÍ

Eins og öllum lesendum mun kunnugt átti TFÍ 80 ára afmæli í fyrra. Í tilefni af því fékk undirritaður þá tilskipun frá stjórninni að halda árshátíð sem hæfði tilefninu. Ýmsu var tjaldað til umfram venju; t.d. var sett upp "Listahátíð Tannlækna" þar sem nokkur hand- og hugverk tannlækna voru dregin fram í dagsljósið. Kom á daginn að tannlæknar eru afar sköpunarglöð og frjó stétt í andlegum skilningi. Grunar mig að margt hugverkið eigi enn eftir að koma fram í dagsljósið og sams konar sýning verði haldin að nýju einn góðan veðurdag við verðugt tækifæri.

Sjálf afmælisárshátíðin var síðan haldin í Súlnasal Radisson SAS Hótel Sögu. Var hún með afbrigðum fjölmenn og góðmenn og mun þarna hafa verið slegið aðsóknarmet sem seint verður jafnað. 300 miðar seldust, sem er u.þ.b. 70 miðum fleira en seldist á 70 ára afmælisárshátíðina, sem er talin næst fjölmennust. Batnandi stétt er best að lifa!

Tókst ágætlega til með flest. Þó svo virðist sem gestafjöldinn hafi komið starfsfólki salarins í opna skjöldu því hvorki gekk nógu greiðlega að reiða fram fullleiddan mat á nægilega skömnum tíma, né heldur var barfólkið með nógu margar hendur til að blanda drykki nægilega hratt ofan í þyrsta árshátíðargesti. Var þó um fjölbjörglegt lið barfólks að ræða. Hljómsveitin Buff skilaði hins vegar sínu verki af stakri þryði sem og tæknistjóri Súlnasalar.

Sama er að segja um þau skemmtatriði sem reidd voru fram af tannlæknum sjálfum. Þar voru á ferð hin djúpihugula framsækna jaxlarokksveit Tannbrot, Tannlæknakórinn undir stjórn Björns Thorarensen, hinn óviðjafnanlegi stúlkakabarett Kokkurnar, Gleðisveitin sídrukna Dycal, ræðumaður kvöldsins Sigurður E. Rósarsson og veislustjórinn samfeðra, Gunnlaugur Jón Rósarsson. Skulu þeim öllum færðar síðbúnar þakkir hér.

Er það öldungis sérlega ánægjulegt að tannlæknar skuli geta komið saman og skemmt sér og sínum með svona afdráttarlausum hætti, gleymt kvundagsamstrinu og því endalaus karpum um keisarans skegg sem einkennir flestar aðrar samkomur TFÍ.

Þegar undirritaður setti þessa afmælisárshátíð setti hann fram þá einlægu skoðun sína að það væri réttast að halda árshátíð TFÍ árlega til að porra upp mórál tannlækna og hafa frekar hinn hrútleiðinlega aðalfundur annað hvert ár, enda kæmi sjaldan nokkuð af viti út úr honum. Hann væri lítið annað en vettvangur athyglissjúkra kverúlanta.

Stjórnin hefur greinilega komist að þeirri niðurstöðu að þetta sé rétt. Því árshátíð verður haldin í tengslum við árspaninginn hinn 18. október n.k. Vonandi verður því enginn aðalfundur í ár.

Árshátíðin verður haldin í Súlnasal RS Hótel Sögu eins og í fyrra. Hljómsveitin Saga Class mun leika fyrir dans. Þegar eru hafnar þrotlausar æfingar hæfileikafólks innan TFÍ til að skemmtatriðið megi vera sem best úr garði gjörð og kvöldið allt sem ánægjulegast. Búið er að "tala við" starfsfólk Súlnasalar um vandamálin í fyrra. Var því heitið að þau kæmu ekki upp á ný.

Er tannlæknar eindregið hvattir til að mæta á árshátíðina með sitt fólk. Þar eð aðstoðarfólk tekur þátt í árspaninginu núna er tannlæknum algerlega í sjálfvald hvernig þeir haga málum varðandi þátttöku starfsfólks síns í árshátíðinni. En miðafjöldi er takmarkaður.

Gunnar Rósarsson, formaður.



fréttabréf tannlæknafélags íslands

september 2008

ÁRSPING 2008

Dagskrá tanntækna og aðstoðarfólks tannlækna

Föstudagur 17. október 2008, á Hilton/Nordica

08.00 – 09.00 Skráning og afhending gagna

09.15 – 10.15

Urður Njarðvík, Ph.d. Sérfræðingur í klínískri barnasálfræði.

ADHD börn. Áskoranir í daglega lífinu og hjá tannlæknum.

Rætt verður um greiningu ADHD, helstu einkenni og meðferðarúrræði.

Sérstaklega verður fjallað um kvíða og mótþróa ADHD barna, en það fer oft saman. Reynt verður að benda á líklegar leiðir til árangurs þegar bæta á samvinnu hjá ADHD barni sem og öðrum börnum.

10.15 – 10.45 Kaffihlé

10.45 – 11.30

Sigurður Örn Eiríksson, tannlæknir sérmenntaður í tannfyllingu og sjúkdómafræði. Lektor við Tannlæknadeild HÍ.

Tannfyllingarefni í breiðu samhengi. Hver er staðan í dag?

Rætt verður um þau fyllingarefni sem standa til boða í dag við viðgerðir á tönnum. Einnig verður fjallað um mismunandi tegundir tannbeinsbindiefna, verðveislur þeirra og notkun.

11.30 – 12.15

Elín Sigurgeirsdóttir, sérfræðingur í munn- og tanngerafræði.

Tann- og munngerafræðingur, hvað er málið?

Í fyrirlesturinum verður farið yfir eðli sérgreinarinnar í máli og myndum. Sýnd verða fjölmörg dæmi um munngerafræðingur og notkun tannplanta þeim til halds og stuðnings. Markmið er að auka þekkingu tanntækna og aðstoðarfólks tannlækna á þeim leiðum sem til eru til bættrar munnheilsu þar sem meðferðarþörfin er mikil.

12.15 – 14.00 Matarhlé

14.15 – 15.00

Bjarni E. Pjetursson sérfræðingur í tannholds og munn- og tanngerafræði. Dósent við Tannlæknadeild HÍ.

Who is in implant dentistry? Í þessum fyrirlestri verður leitast við að útskýra á einfaldan hátt mismun á implöntum sem og protetískum komponentum sem notaðir eru við smíði á implöntin. Fjallað verður um þau þrjú implantakerfi sem hafa náð mestri útbreiðslu á Íslandi. Einnig verður rætt um hvað getur farið úrskæiðis í smíðinni og hverjir eru helstu áhættuþættir varðandi langtímaendingu implant-borinna tanngerva.

15.00 – 16.00

Gauti Grétarsson sjúkraþjálfari

Hver ber ábyrgð á minni heilsu?

Gauti fer í ýmsa þætti tengda líkamsástandi, álagseinkennum og leiðir til úrbóta.

BÓKANIR TFÍ MEÐ SAMNGI VIÐ SHTR/TR

1. TFÍ leggur á það áherslu að hér er verið að gera tilraun til skamms tíma til að koma á reglubundnu eftirliti með tannheilsu tveggja árganga tryggingaþega. Tannlæknafélagið telur að miklu meira þurfti til, eigi að hafa áhrif á almenna tannheilsu ungmenna á Íslandi til hins betra. TFÍ tekur þátt í þessari tilraun í þeirri von að tryggingaþegum nýtist styrkveiting TR til tannlækninga og gefi tryggingaþegum þannig færi á að koma tannheilsu sinni í viðunandi horf. Það er vilji TFÍ að upplýsingar sem tannlæknar afhenda TR og Miðstöðvar tannverndar, TR og tryggingaþega þegar það á við.
2. Tannlæknafélagið lítur svo á að samningur um samstarfsnefnd (sjá Kaffa III. 6. og 7. grein) nái yfir öll samskipti tannlækna sem undirrita samninginn og Miðstöðvar tannverndar, TR og tryggingaþega þegar það á við.
3. Tannlæknafélagið lítur svo á að það sé hlutverk og skylda TR og heilbrigðisráðuneytis að tryggja að samningur aðila standist reglur um persónuvernd og samkeppni.
4. Tannlæknafélag Íslands lýsir því yfir að félagið er tilbúið til viðræðna um að bæta við aldurshópum samkvæmt ofangreindum samningi



"Root canal? You've charged me for the Suez Canal."